

## Samningur um þjónustu á sviði starfsendurhæfingar milli Starfsendurhæfingarsjóðs og sálfræðinga, sem fengið hafa samþykki fagráðs VIRK til að starfa samkvæmt samningi þessum

### 1 Inngangur

Starfsendurhæfingarsjóður (VIRK) er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna langvinnra veikinda eða varanlegrar örorku, með aukinni virkni, eflingu endurhæfingar og öðrum úrræðum. Vegna þessa greiðir VIRK kostnað af ráðgjöf og úrræðum ýmissa fagaðila sem ekki eru greidd af þriðja aðila, s.s. opinberum aðilum, allt eftir því hvaða þjónusta er þörf samkvæmt mati og greiningu á starfshæfni sem gert er á vegum VIRK.

Áherslur VIRK miðast við að efla vinnufærni einstaklinga og viðhalda ráðningarsambandi þeirra meðan á veikindum stendur eða aðstoða einstakling við að stofna til slíks, aðstoða hann við að aðlagast breyttri starfsgetu, greina ný atvinnutækifæri, og veita tímabundinn stuðning á vinnustað ef með þarf.

Með samningi þessum óskar VIRK eftir tilboðum frá sálfræðingum í verkefni sem sjóðurinn mun síðan beina til viðkomandi sálfræðings og unnin verða samkvæmt þeim skilmálum sem í samningi þessum greinir. Þjónusta sálfræðinga samkvæmt þessum samningi skal taka mið af hugmyndafræði og áherslum VIRK en hvort tveggja kemur fram í skipulagsskrá sjóðsins og á heimasíðu sjóðsins ([www.virk.is](http://www.virk.is)).

#### Helstu áherslupættir þjónustunnar eru eftirfarandi:

1. **Áhersla á þarfir einstaklinga.** Öll þjónusta og aðferðarfræði í starfsendurhæfingu skal taka mið af fjölbreyttum þörfum einstaklinga og taka tillit til andlegrar og líkamlegrar heilsu sem og félagslegra aðstæðna viðkomandi einstaklinga.
2. **Snemmbært inngrip.** Mikil áhersla er lögð á mat til að greina þarfir einstaklinga og snemmbært inngrip sem gerir þeim betur fært að viðhalda eða auka við starfshæfni sína.
3. **Virk þátttaka einstaklinga.** Einstaklingurinn tekur virkan þátt í að skipuleggja endurkomu sína til vinnu eða á vinnumarkaðinn og lögð skal áhersla á að hann sé virkur í skipulagningu og framkvæmd eigin starfsendurhæfingar.
4. **Tengsl við vinnumarkað og atvinnulíf.** Markmiðið er ávallt að einstaklingur viðhaldi ráðningarsambandi sínu eða fái starf við hæfi. Megináhersla skal lögð á endurkomu í sama starf hjá sama atvinnurekanda en ef það er ekki mögulegt þá á annað starf hjá sama atvinnurekanda. Gerð skal áætlun um endurkomu í vinnu í samstarfi við einstakling og alla hagsmunaaðila.

Að VIRK standa öll helstu samtök launafólks og atvinnurekanda á Íslandi, nánari upplýsingar um stofnaðila má sjá á heimasíðu VIRK [www.virk.is](http://www.virk.is).

### 2 Markmið og tilgangur

Markmið þessa samnings er að bjóða einstaklingsbundin úrræði sem efla vinnufærni þeirra einstaklinga sem vísað er í starfsendurhæfingarþjónustu hjá sálfræðingum í samræmi við hlutverk og áherslur VIRK, sbr. grein 1. gr. samnings þessa.

Samningur þessi er tilraunasamningur sem gerður er til tiltekins tíma, en samkvæmt 13. gr. skipulagsskrár VIRK getur sjóðurinn átt samstarf við aðra aðila og gert við þá samninga til lengri eða skemmri tíma til að vinna að markmiðum og verkefnum sjóðsins.

Samningurinn er jafnframt hluti af þróunarverkefni um starfsendurhæfingu þar sem markmiðið er að samhæfa ólík úrræði í íslensku samfélagi með því að virkja marga ólíka og sjálfstætt starfandi aðila sem ýmist veita heildstæða þjónustu eða bjóða upp á afmörkuð úrræði.

### 3 Gildissvið

Samningur þessi gildir þegar ráðgjafar eða sérfræðingar á vegum VIRK óska formlega eftir þjónustu þeirra sálfræðinga sem óskað hafa eftir því að starfa skv. samningnum. Um er að ræða sálfræðiþjónustu á starfsstöðvum sálfræðinga utan sjúkrahúsa fyrir einstaklinga sem vísað er til sálfræðings af hálfu ráðgjafa sjúkrasjóðs/stéttarfélags með það að markmiði að auka starfshæfni viðkomandi.

Samningur þessi nær ekki til annarrar vinnu s.s. vinnu við hóp- og vísindarannsóknir eða heilsuverndarstörf hverju nafni sem þau nefnast.

VIRK er sjálfseignarstofnun sbr. lög nr. 33/1999 um sjálfseignastofnanir sem stunda atvinnurekstur. Því gilda lög nr. 84/2007 um opinber innkaup ekki um þá skriflegu verk- eða vörusamninga sem sjóðurinn gerir. Um samning þennan gilda því almennar reglur kröfu- og samningaréttar.

### 4 Aðild

Eftir samningi þessum starfa eingöngu löggiltir sálfræðingar sem reka eigin starfsstofu á Íslandi, hafa sótt námskeið um siðareglur á vegum Sálfræðingafélags Íslands (eða sambærilegt námskeið hjá öðrum viðurkenndum aðila) og hafa starfsreynslu sem sálfræðingur að lágmarki í 1 ár eftir löggildingu.

Löggiltir sálfræðingar sem óska þess að starfa samkvæmt samningnum skulu senda um það erindi til VIRK ásamt öllum nauðsynlegum gögnum. Skila þarf inn ljósriti af löggildingu frá íslenskum yfirvöldum og starfsferilsskrá með upplýsingum um fyrri störf, reynslu og menntun. Sé um rekstur á nýrri starfsstofu að ræða – þ.e. ef reksturinn hófst eftir 1. september 2007 - þarf að fylgja erindinu staðfesting landlæknis á því að reksturinn uppfylli faglegar kröfur, sbr. 26. gr. laga nr. 40/2007. Í erindi sínu skal sálfræðingur greina frá tilboði sínu í þá þjónustu er um ræðir. Í tilboði skal tilgreina tímagjald sálfræðingsins en lýsing á verkþætti er að finna í 13. kafla þessa samnings.

Með sama hætti geta sálfræðistofur og fyrirtæki sem óska eftir að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum sent erindi sama efnis og sjálfstæðir sálfræðingar. Í þeim tilfellum skulu erindinu þó fylgja öll nauðsynleg gögn um hvern þann sálfræðing sem starfar innan stofunnar/fyrirtækisins þar sem sýnt er fram á að þeir uppfylli þau skilyrði sem VIRK setur og fjallað er um hér að framan.

### 5 Afgreiðsla erinda

#### **Afgreiðsla erinda er með eftirfarandi hætti:**

VIRK skipar tveggja manna fagråd og skal annar fulltrúinn tilnefndur af Sálfræðingafélagi Íslands. Fagråd metur umsóknir sálfræðinga um þátttöku í þessum samningi og staðfestir við VIRK og

viðkomandi sálfræðing hvort viðkomandi uppfylli skilyrði til að starfa samkvæmt samningnum. Ákvarðanir fagráðs skulu vera samhljóða.

Erindi þeirra löggiltu sálfræðinga sem uppfylla skilyrði fagráðs eru afgreidd af VIRK. VIRK skal svara erindum innan mánaðar frá því að öll nauðsynleg gögn berast.

VIRK áskilur sér rétt til að hafa algjörlega frjálsar hendur með það til hvaða sálfræðinga innan þessa samnings ráðgjafar leita á hverjum tíma en tekið verður mið bæði af verðlagi þjónustunnar sem og gæðum hennar og árangri. Tilvísun í þjónustu ræðst einnig af þörf einstaklinga fyrir viðkomandi þjónustu.

## 6 Skilgreiningar

Með **ráðgjafa** í þessum samningi er átt við ráðgjafa sem starfa hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaganna á grundvelli samnings við VIRK. Hlutverk ráðgjafans er að veita ráðgjöf til að viðhalda og efla virkni til vinnu. Hann heldur utan um mál einstaklinga og fylgir þeim eftir, hvetur einstaklinga og aðstoðar þá. Ráðgjafi er tengiliður einstaklinga í starfsendurhæfingarferlinu og vinnur í nánu samstarfi við sérfræðinga VIRK, utanaðkomandi sérfræðinga og úrræðaaðila.

Með **sjóðsfélaga/einstaklingi/þátttakanda** í þessum samningi er átt við þá einstaklinga sem greitt er gjald fyrir í VIRK og er vísað til sálfræðings af ráðgjafa.

## 7 Almennir samningsskilmálar

Almennir skilmálar þessa samnings eru eftirfarandi:

- Hlutverk VIRK er að draga markvisst úr líkum á því að launafólk hverfi af vinnumarkaði vegna veikinda eða örorku, með aukinni virkni, starfsendurhæfingu og fjölbættum úrræðum. Verkefni og samningar VIRK skulu samræmast skipulagsskrá sjóðsins.
- Sálfræðingar skulu framfylgja skilgreindum faglegum kröfum sem VIRK þróar og/eða viðurkennir og koma fram í skipulagsskrá sjóðsins og skilgreindu hlutverki og stefnu sjóðsins. Sjá nánar á [www.virk.is](http://www.virk.is).
- Allar upplýsingar um framgang, gæði, framkvæmd og árangur meðferðar samkvæmt þessum samningi skulu jafnan vera aðgengilegar VIRK. Þessar upplýsingar skulu jafnframt lagðar fram með þeim hætti sem VIRK fer fram á hverjum tíma.

## 8 Innihald og framkvæmd þjónustu

Sálfræðingar sem starfa skv. samningi þessum skulu veita þeim sjóðsfélögum VIRK, sem vísað er til sálfræðinga af ráðgjafa, faglega þjónustu sem miðar að endurhæfingu til vinnu og er sniðin að þörfum hvers einstaklings og er veitt í samræmi við markmið og stefnu VIRK. Um er að ræða einstaklingsniðna og árangursmiðaða meðferð sem fer fram í formi einstaklingsviðtala á starfsstofum sálfræðinga.

Áður en sjóðsfélaga er vísað til sálfræðings frá ráðgjafa fer fram mat og greining á stöðu hans þar sem þörf er metin og sett markmið með þeirri þjónustu sem óskað er eftir. Þjónusta sálfræðinga skal ætíð vera í samræmi við mat þetta og þá beiðni sem kemur frá ráðgjafa vegna viðkomandi sjóðsfélaga.

## 9 Umfang og beiðni um þjónustu

Ekki er um að ræða tiltekið umfang viðskipta. Umfangið mun ráðast af þróun starfseminnar og þörf þeirra einstaklinga sem leita aðstoðar hjá ráðgjöfum sjúkrasjóða/stéttarfélaga á hverjum tíma.

Formleg beiðni um þjónustu fyrir viðkomandi einstaklinga kemur til sálfræðinga frá ráðgjafa sem starfar á vegum VIRK hjá viðkomandi sjúkrasjóði stéttarfélags eða sérfræðingi hjá VIRK.

Ekki er greitt fyrir aðra þjónustu en beiðið er um samkvæmt formlegri beiðni frá ráðgjafa sjúkrasjóðs eða sérfræðingi VIRK.

Upplýsingar um ráðgjafa og sérfræðinga hjá VIRK er að finna á heimasíðu VIRK [www.virk.is](http://www.virk.is). Í formlegri beiðni um þjónustu frá ráðgjafa skulu koma fram upplýsingar um bæði innihald og magn þeirrar þjónustu sem óskað er eftir auk upplýsinga um nafn og kennitölu sjóðsfélaga. Þessar upplýsingar skal síðan nota sem tilvísun á reikninga til VIRK.

Í formlegri beiðni frá ráðgjafa er tiltekinn ákveðinn fjöldi viðtala sem sjóðsfélagi getur fengið hjá viðkomandi sálfræðingi. Þessi viðtala fjöldi markar þá meðferð sem greitt er fyrir af hálfu VIRK, sjá nánari upplýsingar í grein 13 hér á eftir. Ef eitthvað er óskýrt í beiðni ráðgjafa til sálfræðings, t.d. er varðar afmörkun á tímafjölda er viðkomandi sálfræðingur skuldbundinn til að hafa samband við VIRK og afla viðeigandi upplýsinga.

Sálfræðingar skulu sjá til þess að þeir einstaklingar sem vísað er til þeirra frá ráðgjöfum sjúkrasjóða fái þjónustu sem allra fyrst eftir að formleg beiðni berst. Hámarksbiðtími eftir fyrsta viðtali skal vera 2 vikur. Ef sálfræðingur treystir sér ekki til að veita umbeðna meðferð og innan þess tíma þá ber honum að láta ráðgjafa vita án tafar.

## 10 Kröfur til sálfræðinga

Sálfræðingar skulu uppfylla allar opinberar kröfur um faglega þjónustu, rekstur og eftirlit og hafa þá fagþekkingu og þau leyfi og réttindi sem krafist er af viðkomandi starfsemi sbr. t.d. lög nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta og lög nr. 40/1976 um sálfræðinga. Þeir skulu einnig sérstaklega gæta ákvæða laga nr. 74/1997 um réttindi sjúklinga. Þeir skulu sýna faglega hæfni og starfa eftir samnorrænum siðareglum sálfræðinga.

Starfsstöðvar sálfræðinga skulu uppfylla almennar kröfur um aðbúnað og aðgengi, hafa góða loftræstingu og lýsingu og vera með aðgang að salerni. Sálfræðingar skulu tilkynna VIRK á hvaða tíma þjónusta þeirra stendur sjúklingum til boða. Þeir skulu einnig tilkynna VIRK um mögulegar breytingar á staðsetningu stofu.

Sálfræðingar bera sjálfir allan kostnað af matstækjum, spurningalistum eða öðrum gögnum eða hlutum sem þeir kunna að nota í sinni meðferð.

Sálfræðingar skulu gæta þess að tímasetningar pantaðra tíma sjóðfélaga standist og gera einstaklingi viðvart í tæka tíð, þurfi þeir að breyta tíma.

Sálfræðingum er með öllu óheimilt að veðsetja rétt sinn samkvæmt samningi þessum. Sálfræðingum er ennfremur óheimilt að framselja rétt sinn samkvæmt samningi þessum eða fela öðrum aðila að

ganga inn í eða taka við skyldum hans, að hluta eða öllu leyti. Á það einnig við aðstoðarmenn eða nema.

Sálfræðingar bera eftir almennum réttarreglum skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir eða starfsmenn á þeirra vegum valda. Auk þess bera sálfræðingar ábyrgð á tjóni, sem hlýst af ágalla á tækjum þeirra, sbr. lög um skaðsemisábyrgð nr. 25/1991. Sálfræðingar skulu jafnframt hafa allar lögboðnar tryggingar sem eiga við um þá starfsemi sem þeir reka þ.á.m. tryggingar sem taka til skaðabóta gagnvart notendum þjónustunnar.

## 11 Þagnarskylda og trúnaður

Sálfræðingar sinna með samningi þessum trúnaðar- og ábyrgðarverkefnum á vegum VIRK. Eðli þjónustunnar vegna ber þeim að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn, sem þeir hafa aðgang að af fyllsta trúnaði. Trúnaður þessi gildir áfram eftir lok samningstímabilsins.

Í íslenskum lögum eru víða að finna ákvæði er varða þagnarskyldu. Má þar nefna 3. gr. laga nr. 40/1976 um sálfræðinga, lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga, almenn hegningarlög nr. 19/1940, lög um réttindi sjúklinga nr. 74/1997, læknalög nr. 53/1988, lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og lög um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Öll hafa þessi lög að geyma ákvæði, sem mæla fyrir um að þeir sem umgangast ákveðnar upplýsingar, séu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir kunna að verða áskynja um í starfi sínu. Gilda þau eftir því sem við á.

Sálfræðingar, starfsmenn VIRK og ráðgjafar á vegum sjóðsins sem að þessum samningi koma eru bundnir þagnarskyldu og trúnaði um allar persónulegar upplýsingar sjóðfélaga. Þeim ber skylda til að meðhöndla allar upplýsingar, skjöl og gögn sem þeir hafa aðgang að vegna þessa samnings af fyllsta trúnaði og gæta þess að enginn óviðkomandi komist yfir þær.

Brot á trúnaði og/eða þagnarskyldu leiðir til fyrirvaralausrar riftunar á samningnum.

## 12 Skýrslur, eftirlit og árangur

Sálfræðingar skuldbinda sig til að skila til ráðgjafa stöðumati fyrir hvern og einn einstakling við lok þjónustutíma. Stöðumatið skal innihalda eftirfarandi þætti:

- Stutt ágríp af innihaldi meðferðar og upphafsstöðu einstaklings.
- Árangur meðferðar á grundvelli upphaflegra markmiða um aukna starfshæfni (sbr. einnig tilvísun frá ráðgjafa)
- Mat á þörf fyrir frekari meðferð. Ef frekari meðferðar er þörf að mati sálfræðinga þá þarf að koma fram rökstuðningur og áætluð meðferðarlengd. Frekari meðferð skal samþykkt formlega af hálfu ráðgjafa áður en hún hefst.

Við skráningu og meðhöndlun upplýsinga um mál einstaklinga skal farið í samræmi við lög og reglur um persónuvernd.

Einstaklingur skal ávallt upplýstur um allar þær upplýsingar og þau gögn sem fara á milli ráðgjafa og sálfræðings.

Þeir einstaklingar, sem taka þátt í starfsendurhæfingu á vegum VIRK, hafa með undirritun upplýsts samþykkis og samnings, veitt ráðgjafa og þeim sérfræðingum sem koma að meðferð viðkomandi einstaklings skriflega heimild til að miðla upplýsingum sín á milli vegna starfsendurhæfingarinnar.

Ráðgjafi verður þó alltaf að tilkynna einstaklingnum hafi miðlun upplýsinga átt sér stað. Aðrir en tilgreindir eru í upplýstu samþykki einstaklings hafa ekki aðgang að upplýsingum um viðkomandi.

Ráðgjafar munu skrá upplýsingar um stöðu, þjónustu og árangur einstaklinga í starfsendurhæfingu í upplýsingakerfi VIRK. Skráning, aðgangur og vistun gagna skal vera í samræmi við upplýsingaöryggisstefnu VIRK en hana er að finna á heimasíðu VIRK ([www.virk.is](http://www.virk.is)). Ef farið er fram á það skulu sálfræðingar einnig skrá tilteknar upplýsingar í upplýsingakerfi VIRK og fá þeir þá nauðsynlegan aðgang að því eftir þeim reglum sem gilda um aðgang og skráningu í kerfið.

Sé mætingu eða ástundun einstaklingsins ábótavant eða ef hún er ekki eins og áætlun gerir ráð fyrir ber sálfræðingum að tilkynna það til ráðgjafa tafarlaust. Ráðgjafinn mun í framhaldinu ræða endurskoðun virkniáætlunar við einstaklinginn og meta hvort ástæða sé til að hætta að veita einstaklingi þjónustuna.

VIRK mun hafa eftirlit með þjónustu sálfræðinga samkvæmt þessum samningi í samræmi við þær vinnureglur sem settar verða og þróaðar á vegum VIRK. Eftirlitið miðar að því að tryggja að tegund, magn, gæði, kostnaður og árangur þjónustu sé í samræmi við gerða samninga. Eftirlitið getur m.a. falist í greiningu innsendra gagna, bréfaskiptum við sálfræðinga og heimsóknum á starfsstofur. Sálfræðingum er skylt að veita ráðgjöfum og sérfræðingum VIRK þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru vegna greiðslna skv. þessum samningi og vegna eftirlitshlutverks VIRK.

VIRK áskilur sér ennfremur rétt til að fá utanaðkomandi aðila til að hafa eftirlit með samningi þessum. Sálfræðingar skulu veita starfsmönnum eða öðrum aðilum á vegum VIRK allar nauðsynlegar upplýsingar og kynningar á starfseminni sem óskað er eftir á hverjum tíma til að virkt eftirlit geti átt sér stað.

### 13 Greiðslur og verkþættir

Fyrir hvern þann einstakling sem vísað er í þjónustu til þjónustusala af hálfu ráðgjafa skal greitt í samræmi við tilboð viðkomandi sálfræðings.

Um er að ræða tilboð í eftirfarandi verkþátt:

#### **Einstaklingsmeðferð hjá sálfræðingi:**

Í a.m.k. 50 mín auk undirbúnings og frágangs í tengslum við meðferðina. Innifalið í tímagjaldi skal einnig vera stöðumat við lok meðferðar, þ.e. ekki er greitt sérstaklega fyrir það stöðumat. Áherslur í meðferð skulu taka mið af formlegri beiðni ráðgjafa sem og innihaldi þessa samnings.

Með **meðferð** er átt við þann fjölda viðtala sem fram kemur í hverri beiðni frá ráðgjafa. Oftast er um að ræða 5-8 viðtöl í hverri beiðni en fjöldi viðtala getur þó orðið fleiri eða færri eftir aðstæðum hverju sinni.

Gildistími þessa tilboðs er hið sama og gildistími þessa samnings, sbr. grein 17 hér á eftir. Sálfræðingum er þó heimilt að segja upp samningnum með þriggja mánaða fyrirvara sbr grein 16 hér á eftir.

Verksala er óheimilt að innheimta nokkurt gjald af notendum þjónustunnar án undangengis samkomulags um slíkt við VIRK.

Einungis er greitt fyrir þá tíma sem einstaklingur hefur mætt í hjá viðkomandi sálfræðingi.

Greiða skal mánaðarlega fyrir þjónustu mánaðarins á undan samkvæmt framlögðum reikningi frá sálfræðingi.

Reikningar ásamt afriti af beiðni ráðgjafa fyrir viðkomandi sjóðsfélaga/einstakling skulu berast til VIRK, Sætúni 1, 105 Reykjavík. Slíkir reikningar skulu vera nægilega sundurliðaðir og uppfylla skilyrði um form og efni sölureikninga. Þeir skulu innihalda upplýsingar um kennitölu og reikningsnúmer sálfræðings ásamt nafni og kennitölu viðkomandi einstaklings. Sálfræðingar skulu leggja sér sjálfir til öll reikningseyðublöð og önnur gögn vegna starfsemi sinnar.

Með reikningi skulu ennfremur koma fram eftirfarandi upplýsingar og gögn vegna veittrar þjónustu:

- Formleg beiðni frá ráðgjafa sjúkrasjóðs eða sérfræðingi VIRK um þá meðferð sem um ræðir
- Hvaða dag verk var unnið
- Hvenær einstakur meðferðartími hófst og hvenær honum lauk
- Undirskrift einstaklings sem staðfesting á því að meðferð hafi átt sér stað og að hún sé rétt skráð.

Reikningar verða ekki greiddir nema allar framangreindar upplýsingar séu til staðar og fylgi með reikningnum til VIRK.

Reikningar fyrir þjónustu hvers mánaðar þurfa að berast VIRK fyrir 15. næsta mánaðar. Ef engar athugasemdir eru gerðar við reikninga greiðir VIRK inn á bankareikning viðkomandi sálfræðings innan 15 daga frá móttöku þeirra.

## 14 Vanefndir og vanefndaúrræði

Komi í ljós verulegur misbrestur á því að sálfræðingur uppfylli skyldur sínar skv. samningi þessum getur það varðað fyrirvaralausri riftun á samningnum af hálfu VIRK. Það sama gildir ef sálfræðingur hefur gerst sekur um brot gegn almennum hegningarlögum eða refsíákvæðum laga. Þá hefur VIRK heimild til að rifta samningnum og heimta bætur fyrir fjártjón af sálfræðingi í kjölfar vanefnda, hafi sálfræðingur ekki sinnt skriflegri viðvörðun innan hálfmánaðar. Heimild aðila til að heimta bætur á einnig við eftir að samningi aðila lýkur. Með sama hætti skal sálfræðingi heimilt að rifta samningnum gagnvart VIRK ef verulegur misbrestur verður á því að VIRK uppfylli skyldur sínar skv. honum.

Komi til vanefnda skulu almennar reglur kröfuréttar, samningaréttar og skaðabótaréttar gilda um samning þennan að öðru leyti en því er greinir sérstaklega í ákvæðum hans.

## 15 Ágreiningur

Rísi ágreiningur vegna framkvæmdar samningsins eða einstaka samningsákvæða og túlkunar á þeim skuldbinda aðilar samnings þessa sig til að leita allra leiða til að leysa ágreining með friðsamlegum hætti. Sálfræðingur eða VIRK geta hvor um sig óskað eftir fundi þar sem aðilar fara yfir álitamál eða kvartanir varðandi samninginn og samskipti vegna hans.

Reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

## 16 Lok starfsemi og uppsögn

Sálfræðingur, sem ekki vill lengur starfa samkvæmt þessum samningi, skal tilkynna það skriflega til VIRK með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðarmót.

VIRK er heimilt með sama uppsagnarfresti að segja samningi þessum upp gagnvart sálfræðingi sem uppfyllir ekki skyldur sínar skv. samningnum. Sé um misferli að ræða, getur VIRK þó fyrirvaralaust sagt upp samningum gagnvart viðkomandi sálfræðingi.

## 17 Gildistími

Samningur þessi er tilraunasamningur og gildir hann frá 1. febrúar 2010 til 31. janúar 2011. VIRK áskilur sér rétt til að segja samningnum lausum með 3 mánaða fyrirvara innan þess tímabils.

*Reykjavík, 6. janúar 2010*

F.h. Starfsendurhæfingarsjóðs

Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri